# SKÓLAREGLURNAR OKKAR SKÓLAÁRIÐ 2016-2017

Þriðjudaginn 23. ágúst settust nemendur og starfsfólk Grunnskólans á Drangsnesi niður og ræddu skólareglur fyrir skólaárið 2016-2017. Eftirfarandi atriði komu fram á fundinum og verða þau leiðarljós okkar þetta skólaárið. Reglurnar taka gildi við undirritun allra sem starfa í skólanum okkar.

- **Virðing**
  Sýnum virðingu í samskiptum og umgengni.
- **Umgengni**
  Göngum vel um skólann og skólalóðina (ganga frá skóm og yfirhöfnum í fatahengi, halda setustofu snyrtilegri, ganga frá stólum í stofu o.s.frv.)
- **Nærgætni og tillitssemi**
  Verum orðvör og nærgætin við náungann. Sýnum tillitssemi, kurteisi og þolinmæði.
- **Sanngirni**
  Sýnum sanngirni í samstarfi og samskiptum við samnemendur og kennara.
- **Friður**
  Förum varlega og verum ekki með læti. Tryggjum frið og ró í vinnu- jafnt sem samverustundum.
- **Til fyrirmyndar**
  Verum góðar fyrirmyndir og skólanum til fyrirmyndar hvert sem við förum.
- **Snjalltæki, símar og fleira**
  Eldri deild fær að hafa síma samkvæmt reglum síðasta skólaárs og í samkomulagi við umsjónarkennara. Yngri deild skilur síma og önnur snjalltæki eftir heima en fær í staðinn að kaupa inn eitt til tvö ný spil svo hægt verði að spila í samverustundum, hver nemandi í yngri deild fær sinn eigin padda (I-pad) til notkunar í skólanum.

Undirritað þann 16. september 2016

Karlina Rós

RAFN

Sigurbjörg Halldóra

Guðbjörg Ósk H…

Sara Lind Magnúsdóttir

Magndís Hugrún

Kristjana

Guðbjörg Ósk

Marta Gu…

Hrefna He…

Aðalbjörg